

**REGLUGERÐ**  
**fyrir Vinnudeilusjóð Einingar-Iðju.**

---

**1. grein:**

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður Einingar-Iðju.

**2. grein:** Tilgangur sjóðsins er:

- a) Að veita fjárhagslega aðstoð þeim félagsmönnum, sem missa atvinnutekjur vegna langvarandi verkfalla eða verkþanna.
- b) Að greiða beinan kostnað félagsins vegna vinnudeilna.
- c) Að styrkja önnur verkalýðsfélög, sem eiga í langvarandi vinnudeilum og þurfa á fjárhagsaðstoð að halda.

**3. grein:** Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlag félagssjóðs eftir því sem aðalfundur hverju sinni kann að ákvarða.
- b) Vaxtatekjur.
- c) Frjáls framlög félagsmanna eða annarra.

**4. grein:**

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, kosnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður félagsins kalli stjórnina saman til fyrsta fundar.

**5. grein:**

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Styrki samkvæmt c-lið 2. greinar má þó því aðeins greiða út, að einnig liggi fyrir samþykki félagsstjórnar. Stjórnin skal halda gerðabók yfir fundi sína, styrkbeiðnir og styrkveitingar. Stjórnin úrskurðar einnig um aðrar greiðslur úr sjóðnum. Gjaldkeri félagsins, eða starfsmaður í umboði hans, annast vörslu sjóðsins og útborganir eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar.

**6. grein:**

Sjóðurinn skal ávaxtaður í starfandi bönkum eða sparisjóðum á félagssvæði Einingar-Iðju.

**7. grein:**

Eigi má veita félagsmanni styrk úr sjóðnum nema hann hafi verið fullgildur félagsmaður áður en viðkomandi vinnudeila hófst og sé skuldlaus við félagið.

**8. grein:**

Verði ágreiningur um úthlutun úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður vísað málinu til félagsstjórnar, sem þá fellir endanlegan úrskurð.

**9. grein:**

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

**Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju í apríl 2008.**